

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 2002

20. febrúar 2002

325

Nr. 136

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

Kirkjutún.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. janúar 2002, deiliskipulag fyrir Kirkjutún.

Skipulagssvæðið afmarkast af Mánatúni, lóðarmörkum Borgartúns 26 og 36, Borgartúni, Kringlumýrarbraut og Sóltúni. Öll hús á svæðinu eru íbúðarhús nema Borgartún 28, 28a og 30 sem eru fyrir verslun og þjónustu. Byggingarreitir eru fyrir Borgartún 30a og b og 28a. Stærð skipulagssvæðisins er 43.540 m² og heildarstærð byggingar allt að 49.500 m². Nýtingarhlutfall, án bílgeymslna er 1,1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarás - Hrafnista Reykjavík.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. desember 2001 deiliskipulag fyrir Laugarás - Hrafnistu Reykjavík.

Skipulagssvæðið afmarkast af Brúnavegi, um Jökulgrunn, Sæbraut og lóðarmörkum í austri. Fyrirhugað er að reisa hjúkrunarheimili, heilsugæslu, tengibyggingu, raðhús og spennistöð. Auk þessa eru ráðgerðar ýmsar minni viðbyggingar og aukning á bílastæðum. Nýtingarhlutfall fyrir lóðina má vera allt að 0,70.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. febrúar 2002.

Sviðstjóri skipulags- og byggingarsviðs,

Salvör Jónsdóttir.